

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS · AKUREYRI
(THE AKUREYRI MUSEUM OF NATURAL HISTORY)
P.O. BOX 180 · IS-602 AKUREYRI · ICELAND

**VATNSBÓL VIÐ VALÞJÓFSSTAÐAFJALL Í ÖXARFJARÐARHREPPI -
VERNDARSVÆÐI**

GREINARGERÐ TIL LANDEIGANDA

Halldór G. Pétursson
jarðfræðingur

Akureyri, september 1996

INNGANGUR

Síðastliðið vor, hafði fulltrúi landeiganda á Valþjófsstöðum, í Núpasveit í Öxarfjarðarhreppi samband við mig og óskaði eftir því að ég afmarkaði verndarsvæði umhverfis vatnsból bæjarins. Vatnsbólið er í landi eyðibýlins Einarssstaða, í rótum Valþjófsstaðafjalls við sprungu sem sker vesturhlíðar fjallsins.

Tilfni þessarar könnunar eru m.a. hugmyndir um endurbýggingu vegarins um Öxarfjarðarheiði, en ein af veglínunum sem er til skoðunar liggur nálægt vatnsbólunni, og almennur áhugi á að tryggja gæði og vernd neysluvatnsins. Vatnsbólið þjónar fjórum íbúðarhúsum á svæðinu og öllum búskap á Valþjófsstöðum og hér eru því talsverðir hagsmunir í húfi.

Í greinargerðinni er fjallar um ástand vatnsbólsins undir Valþjófsstaðafjalli og verndarsvæði þess afmarkað. Auk þess er fjallað almennt um hvað felst í vatnsvernd og útskýrt nánar hvaða reglur gilda á verndarsvæðinu.

VATNSVERND

Vatnsverndarsvæði eru afmörkuð umhverfis vatnsból og á aðrennslissvæði þeirra til að tryggja gæði vatns, hindra vatnspurrð og koma í veg fyrir mengun. Hér er verið að vernda á viðeigandi hátt svokallað nytjavatn, en með því er fyrst og fremst átt við neysluvatn. Vatn sem er ætlað til manneldis og matvælagarðar, auk atvinnurekstrar og útflutnings.

Til að tryggja þessa vernd eru skilgreindir í Heilbrigðisreglugerð (nr. 149/1990 með breytingu nr. 285/1990) þrír vatnsvendarflokkar:

1. flokkur: BRUNNSVÆÐI
2. flokkur: GRANNSVÆÐI
3. flokkur: FJARSVÆÐI

Tveir fyrstu flokkarnir eru jafnan þeir mikilvægustu, en í skipulagsvinnu þykir stundum hentugt að skifta grannsvæðum og fjarsvæðum upp eftir því hvort vatnsverndin er ríkjandi (varanleg) eða víkjandi (tímabundin). Víkjandi vatnsvernd er sett þar sem vatnstaka þarf ekki endilega að hafa forgang t.d. vegna landþarfar undir byggð, eða hægt er að fá mikið og gott neysluvatn annars staðar.

Við afmörkun vatnsverndarsvæða verður að taka tillit til ýmissa atriða. Má þar nefna vatnafræðilega legu þeirra, hve mikilvæg vatnsbólin eru og gegn hvers konar mengun er verið að verja þau. Afmörkun verndarsvæðanna getur reynst snúin ef þekking á aðrennslissvæðinu og skaðvöldum er takmörkuð. Það hefur því reynst hentugast að draga í upphafi mörk verndarsvæðanna nokkuð rúm. Friðun má aflétta af vatnsverndarsvæði ef rannsóknir leiða í ljós að hennar er ekki þörf eða ef aðrir hagsmunir varðandi landnýtingu eru taldir þýðingarmeiri, þannig að verjandi sé að fórna vatnsöflunarmöguleikum.

Um vatnsverndarflokka er nánar fjallað í greinargerð frá Skipulagi ríkisins (Freysteinn Sigurðsson, Guðrún Halla Gunnarsdóttir 1991), og er þar að finna þær meginreglur sem notaðar eru við skipulag í dag:

1. flokkur: BRUNNSVÆÐI

Brunnar og vatnsból skulu vera í öruggri fjarlægð frá mannvirkjum, hvers konar starfsemi eða öðru, sem ætla má að geti spillt vatninu. Gæta skal þess, að slík mannvirki eða starfsemi séu þannig staðsett, að grunnvatnsborð halli ætíð frá vatnsbólinu, og sama máli gegnir um straumstefnu yfirborðsvatns. Brunnsvæði er umhverfis vatnsból og skal jafnaðarlega girt mann- og gripaheldri girðingu með læstu hliði. Mælt er með að stærð þess sé 50 x 50 m, þegar því verður við komið. Þar skulu engin skaðleg efni vera geymd og engin starfsemi fara fram, nema sú sem nauðsynleg er vegna vatnstökunnar.

2. flokkur: GRANNSVÆÐI

Grannsvæði er aðrennslissvæði vatnsbóla og vænlegra vatnstökustaða. Það liggur að vatnsbólunum. Við ákvörðun stærðar þess og lögunar skal taka tillit til jarðvegsþekju svæðisins og grunnvatnsstrauma, sem stefna að vatnsbólinu. Þar skal ekki leyft að hafa birgðir af skaðvænum efnum, s.s. olíum, vegsalti, eiturefnum né öðrum mengunarvaldandi efnum. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þ.h. á svæðinu. Vegalagnir, áburðarnotkun og yfirleitt öll starfsemi á svæðinu skal vera undir ströngu eftirliti. Eldri byggingar verða að vera í samræmi við ákvæði um vatnsvernd. Á þessum svæðum hefur vatnsvernd forgang umfram aðra landnýtingu.

3. flokkur: FJARSVÆÐI

Fjarsvæði liggjur fjær vatnsbólum en grannsvæðið og er mengunarhætta þaðan ekki talin eins mikil fyrir vatnsbólun. Vernd er ekki eins ströng og á grannsvæðinu, en þó er öll meiri háttar geymsla eða meðferð mengandi efna óheimil, umferð og öll starfsemi verða að vera undir ströngu eftirliti og byggingar, sumarbústaðir og þ.h. má aðeins leyfa í litlum mæli og að uppfylltum ströngum kröfum um mengunarvarnir. Á þessum svæðum hefur vatnsvernd forgang umfram aðra landnýtingu.

VATNSBÓLIÐ VIÐ VALPJÓFSSTAÐAFJALL OG VERNDARSVÆÐI ÞESS

Vatnsbólið er í upptökum svonefnds Valþjófsstaðalæks, en hann á sér upptök í lindasvæði við rætur Valþjófsstaðafjalls. Sprettur lækurinn upp í nokkrum vatnsmiklum lindum, sem koma fram við misgengi sem sker vesturjaðar Valþjófsstaðafjalls (mynd 1). Misgengið er eitt af brotalínum sprungukerfisins á vesturhluta Melrakkasléttu, en það má rekja frá Rauðanúp í norðri og lengst suður í Óbyggðir, jafnvel að Öskju eða Fremri-Námum (Kristján Sæmundsson 1977). Sjálft misgengið sem lækurinn sprettur upp á er áberandi norðan og sunnan við fjallið og er ein af meginbrotalínum sprungukerfisins á þessum slóðum (Halldór G. Pétursson 1979). Tengsl grunnvatnsstrauma og

brotalína eru mjög greinileg í þessu sprungukerfi og spretta hér víða vatnsmiklar lindir og jafnvel heilu árnar alskapaðar, upp við sprungur og misgengi (Þórólfur H. Hafstað og Freysteinn Sigurðsson 1993).

Við Valþjófsstaðalæk hefur verið virkjað á þann hátt að ein lindin hefur verið grafin fram og yfir hana lagt steypurör. Eftir því er vatnið leitt, hluti nýttur en hitt rennur framhjá (ca. 10 l/sek). Vatnsbólið er í þurrum grasbakka og alls enginn vatnselgur á yfirborði. Lindasvæðið, sem er nokkuð stórt, er allt velgróið og stendur reyndar í túnjaðri forns eyðibýlis. Ofan við lindasvæðið liggur vegslóði um fjallsræturnar og virðist hann mjög sjaldan farinn. Frágangur við vatnsbólið er allur hinn besti. Þó þyrfti steypurörið sem gengur upp í gegnum grasbakkann að vera herra, þannig að engin hættu væri á því að vatn kæmist af yfirborði og niður í það. Rétt er þó að geta þess að vel var gengið frá loki á rörið og auk þess er vatnsrennsli mikið, þannig að mengunarhætta virðist lítil. Vatnsbólið virðist því nokkuð öruggt, en þó er ekki hægt að útiloka hættu af grjóthruni og skriðuföllum, eða hugsanlegu snjóflóði úr fjallinu. Við jarðskjálfta má búast við að vatnið í bólinu gruggist eitthvað, eins og átti sér stað víða á Vestur-Sléttu við Kópaskersskjálftann í janúar 1976 (Halldór G. Pétursson 1979).

Brunnsvæði vatnsbólsins er sjálft lindasvæðið, upptök Valþjófsstaðalæks og grasbakkin upp að slóðanum ofan við (mynd 1). Með þessu er allt lindasvæðið friðað með framtíðarnýtingu í huga. Ekki er þó þörf að girða allt þetta svæði. Létt rafmagnsgirðing, sett upp að vori og tekin niður að hausti, utan um lindina sem er virkjuð ætti að nægja. Einnig mætti hugsa sér að byggja lítinn skúr eða kassa utan um vatnsbólið.

Grannsvæði er fjallshlíðin og fjallstoppurinn ofan við. Vegna þess að vatnið kemur upp á brotalínu verður grannsvæðið að teygja sig meðfram henni til suðurs, hálfa leið að Axarnúp, þar sem sprungan hverfur (mynd 1).

Fjarsvæði liggur utan um grannsvæðið. Á því er Valþjófsstaðafjall og sprungurnar og misgengin sunnan við upp í hlíðar Axarnúps (mynd 1).


HEIMILDIR

Freysteinn Sigurðsson og Guðrún Halla Gunnarsdóttir 1991: Vatnsvernd í skipulagi. Skipulag ríkisins.

Halldór G. Pétursson 1979: Jarðfræði Núpasveitar. Háskóli Íslands, 4. árs ritgerð.

Kristján Sæmundsson 1977: Jarðfræðikort af Norðausturlandi.

Þórólfur H. Hafstað og Freysteinn Sigurðsson 1993: Kópasker - Nýtt vatnsból við Katastaði. Orkustofnun, greinargerð - ÞHH-FS-93-07.



Mynd 1 Verndarsvæði vatnsbólsins við Valþjófsstaðafjall.

Brunnsvæði
 Grannsvæði
 Fjarsvæði

Verndarsvæði vatnsbóls Kópaskers

Sprungur/misgengi